

## AUGLÝSING

um breytingar nr. 5 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Frá og með 15. desember 1968 ganga í gildi breytingar útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. nóvember 1968.*

**Jóhann Hafstein.**

Jón Thors.

Nr. 297.

3. desember 1968.

## REGLUGERÐ

um, að fjárhæð krafna og reikninga skuli greind með heilum tug aura.

### 1. gr.

Frá og með 1. janúar 1969 skal fjárhæð sérhverrar kröfu eða reiknings greind með heilum tug aura, þannig að hálfum tug aura eða lægri fjárhæð skal sleppt, en hærri fjárhæð í aurum hækkuð í heilan tug aura.

### 2. gr.

Enginn er skyldugur til að greiða fjárhæð, er reiknast í hálfum tug aura eða lægri. Hins vegar eru allir skyldugir til að hlíta því að greiða fjárhæð, er reiknast hærri en í hálfum tug aura með heilum tug aura.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 22 frá 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1969.

*Viðskiptaráðuneytið, 3. desember 1968.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

Þórhallur Ásgeirsson.